

Heilsuvera - samskipti við Landspítala

Heilsuvera er vefur með heilbrigðisupplýsingum fyrir almenning sem er á ábyrgð Embættis landlæknis. Annars vegar er um að ræða opinn vef með upplýsingum um heilsu og áhrifaþætti hennar og hins vegar lokaða gátt, „Mínar síður“, þar sem hægt er nálgast á öruggan hátt eigin upplýsingar sem skráðar eru innan heilbrigðiskerfisins. Heilsuvera virkar á tölvum, spjaldtölvum og snjallsímum.

Á „Mínum síðum“ í Heilsuveru er hægt að hafa yfirsýn yfir lyfjanotkun, stöðu lyfseðla í lyfseðlagátt, ofnæmi sem hefur verið skráð í sjúkraskrá og bólusetningar. Einnig er hægt að sækja um endurnýjun lyfseðla, eiga örugg samskipti við heilbrigðisstarfsmenn og bóka tíma á heilsugæslustöð.

Samskipti við Landspítala

Á nokkrum deildum Landspítala er farið að nota Heilsuveru til samskipta við sjúklinga utan spítalans. Sjúklingar fá aðgang að sérstöku svæði í Heilsuveru sem heitir „Meðferð“. Þar undir er flipi sem ber heiti þeirrar meðferðar sem veitt er. Tilgangur þessarar þjónustu er að bæta aðgengi sjúklinga að því teymi sem sér um meðferð þeirra og auka öryggi sjúklinga.

Á þessu svæði Heilsuveru er hægt að sjá það fræðsluefni sem sent hefur verið, ásamt spurningalistum. Þú getur svarað spurningalistum þegar þér hentar en sumum þarf að svara á ákveðnum tímum. Einnig er hægt að hafa samband við starfsmenn í því teymi sem sér um meðferðina í gegnum skilaboðagátt og endurnýja þá lyfseðla sem henni tengjast. Skilaboð og svör við spurningalistum eru vöktuð og brugðist við þeim eins fljótt og auðið er, í síðasta lagi næsta virka dag.

Ef um bráð vandamál er að ræða, sem ekki þola bið þarf að hafa samband við 112 eða leita á bráðamóttöku.

Athugaðu að öll samskipti á „Mínum síðum“ þar með talið fyrirspurnir og svör, birtast og eru varðveitt í sjúkraskrá þinni.

Til þess að fá aðgang að eigin heilbrigðisupplýsingum í Heilsuveru þarf rafræn skilríki. Ástæðan er sú að heilbrigðisupplýsingar eru viðkvæmar persónuupplýsingar og mikilvægt að vernda þær eins og kostur er. Nánari upplýsingar um rafræn skilríki má finna hér: <https://www.skilriki.is/>

Nánari upplýsingar og leiðbeinandi myndbönd má finna á vef Heilsuveru: <https://www.heilsuvera.is/minar-sidur-leidbeiningar/>